

Bændaglíman
Sambætting íþróttá, samfélagsfræði og leiklistar

Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed. prófs í grunnskólakennarafræði
Leiðsögukenndari: Ása Helga Ragnarsdóttir

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2012

Bændaglíman – Samþætting íþróttar, samfélagsfræði og leiklistar.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed. prófs við Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2012 Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Bóksala kennaranema
Reykjavík, Ísland 2012

Ágrip

Ritgerð þessi ber nafnið *Bændaglíman - Samþætting íþróttar, samfélagsfræðigreina og leiklistar* og er lokaverkefni til fullnaðar B.Ed. –gráðu í grunnskólakennarafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er fjallað um samþættingu kennsluaðferða. Skoðuð eru námsmarkmið Aðalnámskrá grunnskóla og skrif um samþættingu námsgreina. Einnig er fjallað um hugmyndir kennismiðanna Howard Gardners, Jean Piaget og John Deweys. Í seinni hluta ritgerðarinnar er fjallað um leiklist í skólastarfi, tenginu hennar við Aðalnámskrá grunnskóla og greint frá skoðunum leiklistarfræðimanna. Kynnt er hvernig samþætta má námsgreinarnar íþróttir, samfélagsfræðigreinar og leiklist. Í lokin fylgir frumsamið leikrit eftir höfund ritgerðarinnar, en það er sett fram sem dæmi um námsefni sem tengir fyrrgreindar námsgreinar.

Formáli

Þegar kom að því að velja viðfangsefni fyrir B.Ed. ritgerðina mína staldraði ég um stund við á krossgötu. Eftir nokkra umhugsun ákvað ég að skrifa um samþættingu námsgreina og tengja verkefnið heimabæ mínum Reyðarfirði og glímuíþróttinni.

Með vali á ritgerðarefni gat ég þannig tengt saman uppáhalds íþrótt mína, uppáhalds kennsluáferðir og uppáhalds staðinn minn. Ég settist niður við jólaljós og piparkökulilm og samdi leikrit þar sem farið er í glímu og valdi að láta það gerast í upphafi 20. aldarinnar.

Þakkarorð

Ég vil nota tækifærið og þakka Ásu Helgu Ragnarsdóttur aðjunkt, leiðbeinanda mínum, fyrir ómældan stuðning og hvatningu við vinnu að lokaverkefninu mínu. Hún hefur leiðbeint mér af mikilli fagmennsku og nákvæmni.

Allir aðrir sem aðstoðuðu mig við gerð ritgerðarinnar eiga þakkir skildar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Samþætting námsgreina, gildi og tengsl samþættingar við Aðalnámsskrá grunnskóla	7
2.1 Samþætting námsgreina	7
2.2. Samþætting og Aðalnámsskrá grunnskóla	9
3. Kennismiðir og samþætting	10
3.1 Howard Gardner	10
3.2 John Dewey	13
3.3 Jean Piaget	14
3.4 Hugsmíðahyggja	15
4. Lært í gegnum leiklist.....	16
4.1 Leiklist í skólastarfi.....	17
4.2 Gildi og gagnsemi leiklistar í skólastarfi	18
4.3 Tengsl frumkvöðla við leiklist.....	19
4.4 Samþætting íþróttar, samfélagsfræðigreina og leikrænnar tjáningar	20
5. Leikritið Lífsins glíma	22
Lokaorð.....	42
Heimildir	43

1. Inngangur

Þó hnötturinn okkar hafi lítið breyst að rúmmáli um aldaradur er oft talað um að heimurinn fari minnkandi. Þá er átt við að mannkynið þekki betur til þjóða og landssvæða hér á jörðu en áður. Fólk er í samskiptum um heiminn þveran og endilangan og starfsvettvangur fólks byggir í síauknu mæli á samvinnu og samhjálpi. Krafa um að starfsmenn hugsi út fyrir rammann og leiti nýrra leiða hefur aukist samfara breyttri heimsmynd sem og krafa um fjölbreytni og sköpun. Svar skólans við þessari þróun er meðal annars innleiðing á kennsluáferðinni samþættingu, sem býr nemendum vel undir störf sem krefjast samvinnu og nýrrar hugsunar.

Í þessu lokaverkefni hef ég kynnt mér samþættingu og skrifað leikrit með það í huga að kennarar geti unnið þvert á námsgreinar þar sem nemendur læra íþróttir, samfélagsgreinar og leiklist. Það er von mín að leikritið nýtist nemendum og kennurum á unglingastigi grunnskóla, auki þekkingu þeirra á þjóðaríþrótt Íslendinga, glímunni, lífi fólks og lífnaðarháttum í upphafi 20. aldar og auki færni þeirra í tjáningu og leiklist.

Verkefnið hefst á fræðilegum hluta þar sem samþætting námsgreina er skilgreind. Fjallað er um hvernig hugtakið samþætting kemur inn í Aðalnámskrá grunnskóla og grunnskólalögin. Í kaflanum er áhersla lögð á kennismiðina Howard Gardner, John Dewey og Jean Piaget og hugmyndafræði á bakvið kenningu um hugsmíðihyggju. Í verkefninu er lýst hversu vel kenningar þessara fræðimanna og samþætting námsgreina fara saman. Þriðji kaflinn fjallar um leiklist í skólastarfi og gildi hennar. Komið er inn á hugmyndafræði frumkvöðla í leiklist ásamt því að tengja hugmyndir Howard Gardners, John Dewey og Jean Piaget við leiklist. Í lok fræðilegrar umfjöllunar eru kynntar til sögunnar þær námsgreinar sem verða samþættaðar hér í ritgerðinni í tengslum við leikritun. Frumsamið leikrit eftir höfund þessa verkefnis fylgir í lokin og ber það nafnið *Bændaglíman*. Leikritið fjallar um unga stúlku sem kemst yfir dagbók langömmu sinnar og hverfur með henni aftur til aldamótanna 1900.

Tilgangur verkefnisins er að sýna hvernig gera megj nám í grunnskóla skemmtilegra og áhugaverðara með því að nota leiklist og samþætta námsgreinar.

2. Samþætting námsgreina, gildi og tengsl samþættingar við Aðalnámsskrá grunnskóla

Í þessum kafla verður fjallað um samþættingu námsgreina og gildi og tengsl samþættingar við Aðalnámsskrá grunnskóla.

2.1 Samþætting námsgreina

Að *samþætta* merkir, samkvæmt íslenskri orðabók, að flétta eða tengja saman. Samfléttun eða samtenging merkir samþætting (Íslensk orðabók, 2007).

Í skólastarfi er mikilvægt að virkja nemendur með mörgum ólíkum aðferðum því nemendur læra á ólíkan hátt og kennari verður að gæta þess að mæta þörfum allra. Fjölgreindakenning Howard Gardners byggir á því að greind mannsins samanstandi af sjö eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Með fjölgreindarkenningu Gardners, sem fjallað verður um í kafla tvö, er verið að leggja áherslu á einstaklingsmun nemenda og nauðsyn þess að koma til móts við þarfir hvers og eins nemenda. Allir geta eitthvað, enginn getur allt. Þegar námsgreinar eru samþættar þá mætir kennarinn nemandanum þar sem hann er staddur hverju sinni og reynir eins og kostur er að koma til móts við þarfir hans. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru notaðar þannig að allir nemendur fá eitthvað við sitt hæfi. Lilja M. Jónsdóttir hélt fyrirlestur á haustráðstefnu samtaka áhugafólks um skólaþróun árið 2010. Fyrirlesturinn bar nafnið *Samþættingin er málið!* Þar gaf Lilja dæmi um skilgreiningu á hugtakinu samþætting.

Samþætting viðfangsefna er leið fyrir kennarann og nemendur að sannreyna í skólastarfi að veröldin er ekki samhengislaus (brotakennd), heldur er hvað öðru háð. Í samþættingu þarf þekkingu og leikni frá öllum þekkingarsviðunum. Samþættingin krefst samstarfs kennara og nemenda í leit þeirra að lausnum; á því hvað á að gera við þekkinguna og hvernig deila má henni með öðrum. Samþættingin er vegurinn að námsefnisgerð (Lilja M. Jónsdóttir, 2010).

Segja má að með samþættingarnámi sé verið að undirbúa nemendur í að verða virkir samfélagsþegnar í lýðræðisþjóðfélagi sem er meginhlutverk skólans. Nemendur þjálfa með sér vinnubrögð, svo sem að spyrja spurninga, svara, vinna úr heimildum og komast að samkomulagi sem er nauðsynlegt fyrir einstakling í nútímasamfélagi

(Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 10). Hægt er að samþætta milli námsgreina, utan námsgreina og innan námsgreina, oftast eru þó samþætta tvær eða fleiri námsgreinar.

Nemandinn getur nálgast verkefnið með ólíkum sjónarmiðum þegar notast er við samþættingu, verkefnin bjóða oftast upp á fjölbreytt vinnubrögð. Má þar nefna heimildasöfnun, sjálfstæða skipulagningu verkefna og fjölbreytilegar aðferðir við úrvinnslu (Menntamálaráðuneytið, 1979, bls. 4).

Tilgangur samþættingar er margþættur. Nemandanum býðst aukið tækifæri og lengri tími til þess að vinna að viðfangsefnum og kafa dýpra í verkefnið. Meira svigrúm skapast til valfrelsis og nemandinn getur valið viðfangsefni eftir áhugasviði og getu. Nemandinn getur starfað í hópi eða einn og sér (Menntamálaráðuneytið, 1979, bls. 4). Mikilvægt er að tengja nemendur við umheiminn, færni og þekking er einskis virði þegar ekki er hægt að beita henni né nota við aðstæður sem eru raunverulegar (Armstrong, 2001: 57-58).

Samþætting gengur einnig undir nöfnunum lausnaleytnám eða þemanám. Oft er ákveðið þema í samþættu námi og því er iðulega rætt um þemanám í því sambandi. Til eru nokkur nöfn yfir þemanám, svo sem hópavinna, þemavinna og söguaðferð. Í bókinni *Skapandi skólastarf* má sjá skilgreiningu Waters á hugtakinu þemanám.

„Þemanám er heildstætt viðfangsefni þar sem nemendur hafa lagt ýmislegt af mörkum, bæði sem einstaklingar og í hópum. Upplýsingum hefur verið safnað og þær flokkaðar, skráðar og þeim miðlað til annarra með ýmsum hætti. Bein reynsla sem fengin er með athugunum og glímu við ákveðin úrlausnarefni (problem-solving) er sérstaklega mikilvæg. Markmið hvers þemaverkefnis um sig, bæði almenn og sértæk eru ákveðin af kennurunum (Waters 1982:1-2)“.

Þemanámi fylgja margir kostir. Kennsluaðferðir í þemanámi eru fjölbreyttar og námið býður nemendum upp á mörg tækifæri til að taka virkan þátt í að undirbúa og skapa viðfangsefnið. Nemendur læra að kafa dýpra í viðfangsefnið og sjá það frá ólíkum sjónarhornum (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 10).

Hægt er að skipuleggja þemanám með eingöngu hópavinnu í huga, paravinnu eða samblöndu af einstaklingsvinnu og hópavinnu. Það fer allt eftir því hvað kennarinn telur þjóna best markmiðum viðfangsefnisins og nemendahópnum. Markmið verkefnisins getur ef til vill verið að æfa nemendur í samvinnu við aðra og samhjálp. Kennarar geta sameinað námsgreinar og fyrirmæli á þann hátt sem þeir

halda að þjóni nemendum best. Þeir vita hvað þarf að gera því þeir eru sérfræðingar á sínu sviði (Fogarty og Stoehr, 2008: 23). Heyrst hefur í gagnrýnisröddum í sambandi við þemanám. Einkum ber þá að nefna raddir um að agavandamál geti komið upp, þemanámi fylgi hávaði, nemendur séu lausari við vinnu, ekki sé hægt að hafa nógu góða yfirsýn og eftirlit með nemendum, að nemendur finni fyrir stressi, óöryggi og þoli illa það umrót sem fylgi námi þar sem nemendur eiga að vera virkir (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 11). Í þemanámi eru nemendur á ferð og flugi að afla sér upplýsinga, þeir eru að spyrja spurninga, bera saman og leita ráða svo eitthvað sé nefnt. Það þarf engan sérfræðing til að sjá að þessu getur fylgt töluverður hávaði eða hreyfing en þetta reynir einnig á margvíslega færni. Reynt er á ólíka hugsun nemenda og hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín og þeir þjálfast í framkomu. Þeir beita sér í verkefnum sem eru krefjandi og nemendur fá tækifæri til að njóta sín og blómstra. Æfingin skapar meistarann og með góðu skipulagi og undirbúningi getur þemanám verið leikur einn og kennarinn fengið að blómstrar með nemendum.

2.2. Samþætting og Aðalnámskrá grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011 segir:

„Aðferðafræði og verklag ólíkra námsgreina stuðlar að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólustarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, 2011, bls.36).”

Í Aðalnámskrá grunnskóla er sagt frá hlutverki kennara og hversu margþætt það er. Meginstarf kennara með nemendum er þó kennslu- og uppeldisfræðilegt, að koma af stað og viðhalda áhuga þeirra á námi. Markmiðið er að skapa nemendum fjölbreyttar og frjóar námsaðstæður. Til þess að nemendur hljóti frjóa og fjölbreytilega færni verða þeir að fást við viðfangsefni sem eru ólík og verkefni sem gera tilkall til þess að nemandinn samþætti leikni sína og þekkingu og sameini hana daglegu lífi, samskiptum við annað fólk og áhugamálum (Aðalnámskrá grunnskóla:

Almennur hluti, 2011, bls. 31-36). Ef vel tekst til þá veitir samþætting fjölmörg tækifæri til þess að vinna að þessum markmiðum.

Í grunnskólalögum er fjallað um gildissvið, hlutverk grunnskóla og skólaskyldu. Þar segir að grunnskólar eigi að auka færni nemenda og víðsýni. Veita skal nemendum möguleika og tækifæri til að afla sér þekkingar, örva sköpunarkraft og fimi í sífelldri viðleitni til þroska og menntunar. Markmið skólustarfs er að leggja grunn að sjálfstæðri hugsun og frumkvæði nemenda og styrkja færni þeirra til samstarfs við aðra einstaklinga (Grunnskólalög nr. 91/2008, 2.gr.). Með samþættingu fá nemendur útrás fyrir sköpunargleði sína og forvitni, þeir læra að tengja námið við raunverulegar aðstæður í samvinnu við aðra nemendur.

Hver nemandi á rétt á kennslu við sitt hæfi, í hvetjandi námsumhverfi sem veitir nemendum innblástur og í húsnæði þar sem tekið er mark á þörfum nemenda og almennri vellíðan. Grunnskóli skal haga störfum sínum á þann hátt að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna (Grunnskólalög nr 91/2008, 13. gr.). Látum þúsund blóm blómstra með samþættingu námsgreina og leyfum nemendum að njóta hæfileika sinna og getu.

3. Kennismiðir og samþætting

Ýmsar kenningar hafa verið settar fram um samþættingu námsgreina og rætt hefur verið og ritað um samþættingu frá ýmsum sjónarhornum. Ekki er hægt að gera þeim öllum skil hér en stiklað verður á stóru og reynt að dýpka skilning á kostum og göllum samþættingar. Fjallað verður um kennismiðina Howard Gardner, John Dewey og Jean Piaget, um kenningar um hugsmíðihyggju og tengsl hennar við samþættingu námsgreina.

3.1 Howard Gardner

Í daglegu lífi er oft minnst á orðið greind, en í kenningum sálarfræðinnar er með orðinu greind átt við það sem mælist á tilteknum prófum sem flest kallast greindarpróf. Þau hafa reynst hafa forsagnargildi um tiltekna eiginleika manna og

hafa til dæmis áhrif á framtíð þeirra. Bent er á að greindarpróf sýni meðal annars talsverða fylgni, sem kallað er, við almennan námsárangur manna eða gengi í almennum skólum.

Um það bil áttatíu árum eftir þróun fyrsta greindarprófsins, árið 1983, setti bandaríski sálfræðingurinn Howard Gardner fram fjölgreindakenningu sína, en hún byggir á því að greind mannsins samanstandi af sjö eða fleiri jafngildum greindarsviðum. Árið 1999 bætti Gardner við áttundu grunngreindinni (Armstrong, 2001). Allir eru góðir í einhverju og því telst fjölgreindakenningin oft gott mælitæki til að greina á milli ólíkra hæfileika hvers og eins einstaklings. Flokkun og útskýring þessara átta greinda er eftirfarandi:

Málgreind – Verbal-linguistic: Málgreind hefur fjórar hliðar sem eru mælska, orða- minni, útskýring og málskilgreining. Fólki með háa málgreind sómir sér oft vel sem lögmenn, rithöfundar, stjórnálamenn o.fl. (Heiða María Sigurðardóttir, 2005).

Rök- og stærðfræðigreind - Logical-mathematical intelligence: Hæfni til að nota formúlur og tölur. Einnig hæfni til að átta sig á tölulegum tengslum, staðhæfingum, mynstrum og yrðingum. Fólki sem er með háa rök- og stærðfræðigreind verða oft vísindamenn, stærðfræðingar, rökfræðingar, tölvuforritarar o.fl. (Armstrong, 2001).

Rýmisgreind – Spatial intelligence: Hæfni til að þekkja og skapa rými í huganum. Hæfileiki til þess að skynja hið sjónræna, rúmfræðilega umhverfi og umskapa þá skynjun. Fólki sem er sterkt á þessu sviði er mjög líklegt til að starfa sem arkitektar, listamenn, flugmenn, uppfinningamenn, leiðsögumenn o.fl. (Heiða María Sigurðardóttir, 2005).

Tónlistargreind - Musical intelligence: Hæfileiki til að nema tónhæð, takt, hljómblað tónverks, meta mismunandi gæði, skapa og semja tónlist. Fólki með háa tónlistargreind eru líklegt til þess að verða hljóðfærleikarar, söngvarar, tónskáld, tónlistargagnrýnendur o.fl. (Thomas Armstrong, 2001).

Hreyfigreind - Bodily-kinesthetic intelligence: „Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar (eins og leikarar, látbragðsleikarar, íþróttamenn, dansarar), leikni í að búa til hluti og beita þeim (eins og handverksmenn, myndhöggvarar, vélvirkjar, skurðlæknar). Þessi greind felur í sér sérstaka líkamlega færni eins og samhæfingu, jafnvægi, fingrafimi, styrk, sveigjanleika, hraða og einnig næmt hreyfi- og stöðuskyn, snertiskyn og snertiviðbrögð (áreiti/svörun)”

(Armstrong, 2001, bls. 14).

Samskiptagreind - Interpersonal intelligence: Hæfni til þess að hafa samskipti og skilja aðra, eins og ráða í raddblæ og látbragð þeirra. Þeir sem eru með háa samskiptagreind eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Ráðgjafar, sálfræðingar, kennarar, sölumenn, stjórnálamenn o.fl., eru titlar sem fólk með háa samskiptagreind geta hlotið (Armstrong, 2001).

Sjálfsþekkingargreind - Intrapersonal intelligence: Þekking á sjálfum sér, hæfni til þess að greina á milli tilfinninga sinna og tjá þær. Geta þekkt veikleika sinn og styrkleika, langanir, fyrirætlanir, innri hvatir ásamt sjálfsvirðingu og sjálfsskilningi. Þetta er fólk eins og trúarleiðtogar eða sálgreinar o.fl. (Heiða María Sigurðardóttir, 2005).

Umhverfisgreind – Naturalistic: Hæfni til þess að þekkja, greina og meta hluti í náttúrunni. Geta þekkt og flokkað fjöldann allan úr dýra- og jurtaríkinu í eigin umhverfi. Mjög líklegt er að manneskja með háa umhverfisgreind velji sér starfsgreinar eins og náttúrufræði og umhverfisfræði (Heiða María Sigurðardóttir, 2005).

Fjölgreindakenning Gardners leggur áherslu á einstaklingsmun nemenda og nauðsyn þess að koma til móts við þarfir hvers og eins og þannig þroska öll greindarsviðin svo niðurstaðan verði heilsteypt manneskja. Hver einstaklingur hefur ekki einungis eina greind heldur allar, en í mismiklu magni.

Menntakerfið hefur tekið fjölgreindakenningu Gardners opnum örmum. Í nýjum námskrám er gert ráð fyrir fjölbreyttum kennsluaðferðum, kennsluáætlunum og mati og þær byggja m.a. á fjölgreindakenningu Gardners um að nám eigi að vera fjölbreytt þar sem nemendur hafa ólíka námsstíla. Aðalatriðið er sjálfur nemandinn, geta hans, þroski og líðan og hvernig menntakerfið kemur sem allra best til móts við þarfir hans. Fjölgreindakenning Gardners mælir með fjölbreytilegum kennsluaðferðum, vinnu út frá nemendahópnum og að engin ein leið sé réttari en önnur. Þegar námsgreinar eru samþættar er verið að blanda ólíkum námsþáttum. Nemendur fá að sjá og upplifa námsgreinarnar á mismunandi og víðsýnan hátt. Út frá kenningu Gardners hafa margir kennarar gert sér grein fyrir þeirri nauðsyn að samþætta námsgreinar í skólastarfi og sjá má að fjölgreindakenning Gardners styður vel við hugmyndir um samþættingu námsgreina.

3.2 John Dewey

Bandaríski heimspekingurinn og sálfræðingurinn John Dewey (1859) hafði mikinn áhuga á menntun og kennslufræði. Kenningar hans tengdust kenningum um hugsmíðahyggju. Hann sagði í riti sínu *Reynsla og menntun* að skólinn ætti að endurspeglar samfélagið (Dewey, þýð. 2000, bls. 13). Dewey áleit skólann vera samfélagið í smækkaðri mynd. Heimurinn væri ekki brotakerndur og þá ætti skólinn ekki að vera það heldur. Dewey taldi upptök menntunar vera reynsluna sjálfa. Hann lagði áherslu á að þjálfar færni hugsunar og að málið væri áhald til að hugsa. Markmið og sameiginlegar þarfir gerðu tilkall til vaxandi samskipta í hugsun sem gaf ástæðu til félagslegrar skipulagningar. Hann vildi að skólastarf byggðist einna helst á frjálsum tjáskiptum og skoðanaskiptum (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir & Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 16).

Árið 1896 stofnaði Dewey, ásamt konunni sinni, tilraunaskóla sem var kallaður Dewey-skólinn. Hann var stofnaður í þeim tilgangi að vera æfingaskóli fyrir kennaraefni þar sem prófa átti hugmyndir Deweys um nám og kennslu sem voru mjög ólíkar hefðbundnum kennsluhugmyndum sem að tíðkuðust á þeim tíma. Skólastarf einkenndist á þessum tíma af utanbókarlærdómi nemenda og yfirheyrslu kennarans. Dewey gagnrýndi hefðbundinn skóla fyrir þá reynslu sem nemendur fengu í skólum, en hún hafði oft neikvætt menntunargildi.

Megintilgangurinn eða markmiðið er að búa börnin undir ábyrgðarstörf síðar á ævinni og stuðla að velgengni þeirra í lífinu með því að láta þau tileinka sér hinn viðtekna sjóð þekkingar og færni sem námsefnið samanstendur af (Dewey, þýð. 2000, bls. 28).

Dewey aðhylltist samfélagshverfa menntun og með samþættingu námsgreina er verið að vinna í anda hennar. Hann talaði um að nemendur eigi að læra af reynslunni og taka virkan þátt í námi sínu, en þessir þættir tilheyra samþættingu námsgreina. Samþætting námsgreina er öflugt tól sem kennarar notast við til að koma inn á alla þá þætti sem huga þarf að í kennslu. Nemandinn er virkur þátttakandi í skólasamfélaginu, ekki einangraður einstaklingur heldur hluti af félagsheildinni sem vinnur að sameiginlegum verkefnum og markmiðum. Dewey vildi að skólastarfið einkenndist af sameiginlegri vinnu nemenda að lausn verkefna með leiðsögn kennara. Þar með var kennarinn ekki lengur einræðisherra nemenda heldur orðinn stjórnandi

hópastarfs (Dewey, þýð. 2000, bls. 13). „Learning by doing” eða „að læra með því að framkvæma”, voru einkunnarorð Deweys. Orðatiltækið þýðir að nemendur eiga að nýta þá þekkingu sem er til staðar hjá þeim og þannig tryggja að hugsun sé bak við verkið.

3.3 Jean Piaget

Jean Piaget (1896-1980) var svissneskur sálfræðingur og er þekktastur fyrir rannsóknir sínar á hugarstarfsemi barna. Hann uppgötvaði þætti í andlegri getu og vangetu barna sem varð til þess að hann setti fram samfellda kenningu um þróun og þroskaferli mannlegra vitsmuna. Hann hélt því fram að það að læra og að skilja væri virkt ferli.

Piaget benti á að börn hugsa ekki eins og fullorðið fólk, þau læri og þroskast öðruvísi. Börn eru ekki minni útgáfa af fullorðnu fólki eða ófullkomnir fullorðnir, heldur sjá þau heiminn með sínum eigin augum og búa til sínar eigin hugmyndir um heiminn.

Piaget taldi að vitrænn þroski væri samsettur úr fjórum þáttum sem tengjast og er skipt á eftirfarandi hátt: a) Þroski, þ.e. líkamsþroski, sér í lagi þroski miðtaugakerfisins. b) Reynsla, sem byggist á að handfjatla hluti sem eru áþreifanlegir, velta þeim fyrir sér í huganum og gera sér grein fyrir því hvað á sér stað í kringum þá. c) Félagsleg samskipti, þ.e. tal, leikur og samskipti við aðra einstaklinga, sérstaklega önnur börn. d) Jafnvægisleitni, sem byggist á því að fella saman reynslu, þroska og félagsmótun þannig að hugsunarform mótist og endurmótist (Charles, C. M, 1981, bls. 2).

Vitrænu þroskaferli barna skipti Piaget í fjögur skýr og afmörkuð stig. Hvert stig tilheyrði vissum aldri sem að allir ganga í gegnum, óháð viðfangsefni. Stigin taka hvert við af öðru í ákveðinni röð. Þó að þroskastigin leiði hvert annað þá er það einstaklingsbundið hvenær barn færast um stig, einnig getur barn verið á einu stigi með eitthvað ákveðið en flest annað á öðru stigi. Fjögur stig vitræns þroska eru skynhreyfistig 0-2 ára, foraðgerðastig 2-6/7 ára, stig hlutbundinna aðgerða, 6/7-11 ára og stig óhlutbundinna/formlegra aðferða, 11/12 ára-19 ára (Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind, 1988, bls. 356).

Piaget taldi að vitsmunapróski barna hefði ákveðin takmörk fyrir því hvernig og hvað þau geti lært. Ekki er hægt að láta aðra en börnin sjálf sjá um að afla sér þekkingar, því ferlið felur í sér að börnin sjálf prófi sig áfram og vitsmunapróskinn eflist með því að þau handfjatli hluti og uppgötvu sjálf með tilraunum.

Börn eru sífellt að skoða og kanna heiminn í kringum sig og reyna að skilja hann. Þar með eru þau sífellt að endurmóta þau hugsunarform sem þau þurfa til að ná tökum á æ fjölþættari og flóknari vitneskju. Raunverulegt nám á sér stað við endurmótun hugsanaformanna og börn öðlast þannig varanlega og nýtilega þekkingu. Ef ekki eru fyrir hendi þau hugsanaform sem börn þurfa á að halda verður námið yfirborðskennt og þekkingin nýtist hvorki né endist (Charles, C. M., 1981, bls. 4). Piaget taldi að eldri þekking og ný þekking þyrfti að tengjast saman, en nákvæmlega það má segja að tengi hann við kenningar um hugsmíðahyggju. Hægt er að tengja samþættingu námsgreina við kenningar Jean Piaget á þann hátt að hann vill að skólastarf tengist daglegu lífi. Hann leggur ríka áherslu að nálgast mál frá sjónarhornum sem eru ólík en það er einmitt gert við samþættingu og hann telur mikilvægt að nemendur beri ábyrgð á sínu námi en við samþættingu þurfa nemendur að leita eigin þekkingar.

3.4 Hugsmíðahyggja

Grundvallarhugmyndir kenninga um hugsmíðahyggju er að byggja við þekkingu sem nemandinn hefur fyrir. Hugsmíðakenningin á uppruna sinn að rekja til 19. og 20. aldar til hugmyndafræði Jean Piaget og John Deweys. Þekkingi sú sem nemendur byggja á, í samspili við nýja reynslu, myndar skilning hjá nemandanum, þar af leiðandi er ekki hægt að aðskilja sköpun þekkingar og skilnings. Nemandi verður að taka þátt í ferlinu, að geta, vita og skilja, til þess að geta lært. Mikilvægt er að nemendur virki sköpunarkraft sinn í að leysa vandamál eða taki þátt í ýmsum verkefnum sem byggja á þeirra eigin hugmyndum. Nemendur þurfa að vera skapandi og geta bjargað sér sjálfir. Þeir læra að byggja upp sína eigin þekkingu. Þeir gera það á ýmsa vegu eins og að átta sig á þörf fyrir nýjungum og finna lausnir á vandamálum.

Það eru til margar útgáfur af hugsmíðahyggju, það er hversdagslega útgáfan, róttæka útgáfan, félagslega útgáfan og menningarlega útgáfan.

Hversdagslega útgáfan, þá er nemandinn sjálfur virkur við uppbyggingu eigin þekkingar, hann öðlast hana ekki frá umhverfi sínu ef hann er óvirku þiggjandi. Hún byggist á upplifun nemandans, eins og í verklegum greinum þar sem nemandinn er sjálfur að gera hlutina og lærir af því. Nemandinn er sífellt að leita að merkingu í þeim hlutum sem hann er að gera, „making sense of the world”.

Róttæka útgáfan, þekkingaröflun er „dýnamískt“ ferli þar sem manneskjan reynir stöðugt að gera hugmyndir eða hluti raunhæfa eða gerlega, en við vitum aldrei fyrir víst hvort um er að ræða þekkingu á endanlegum raunveruleika.

Félagslega útgáfan, þá byggja einstaklingar ekki upp þekkinguna í einrúmi, heldur öllu fremur með samvirkni við aðra einstaklinga í því menningarlega umhverfi sem þeir tilheyra. Bestu aðstæður til náms og þroska eru með samskiptum og gagnkvæmri samvinnu við mótun og uppbyggingu þekkingar. Námið verður að eiga sér stað í menningarlegu og merkingarbæru samhengi, þá tengir nemandinn forhugmyndir sínar við nýjar og stundum framandi hugmyndir.

Menningarlega útgáfan, í henni er gert ráð fyrir að við fæðumst öll inn í ákveðna menningu sem mótar okkur. Hún mótar siði, vinnubrögð, aðferðir og háttsemi okkar.

Hugsmíðikenningin býður upp á að tengja saman námsefni/ námsfög. Hafa ber í huga þegar unnið er með samþættingu í tengslum við hugsmíðahyggjuna er reynt að hafa námsumhverfið sem líkast raunverulegum aðstæðum (Cole et al, 2005, bls. 150-151). Í samþættingarverkefnum er leitast við að gera það sama, tengja börnin við daglegt líf og þar með gera markmið námsins sýnilegri.

4. Lært í gegnum leiklist

Í þessum kafla verður fjallað um möguleika og gagnsemi leiklistar í skólastarfi og tengsl kennismiða við leiklist. Einnig verður hugað að samþættingu þriggja námsgreina, íþróttar, samfélagsfræðigreina og leiklistar.

4.1 Leiklist í skólastarfi

Ingvar Sigurgeirsson bendir á, í bókinni *Litróf kennsluaðferðanna*, að markmið kennsluaðferða séu jafn ólík og þær eru margar. Kennurum ber skylda að átta sig á mismunandi kennsluaðferðum og kunna að beita þó nokkrum. Í bókinni gerir hann grein fyrir kennsluaðferðinni leiklist (leikræn tjáning) og bendir á að hægt sé að nota þessa kennsluaðferð í mörgum námsgreinum og á öllum skólastigum. Þegar litið er á leiklist út frá fræðilegu sjónarhorni sést að þetta er afar þróuð aðferð og innan hennar eru margar stefnur, ólíkar áherslur og straumar. Ingvar telur að megin kostur leiklistar í skólastarfi sé að nemendur eru virkir þátttakendur og þeir fá tækifæri til að nálgast viðfangsefnið með lifandi og fjölbreyttum hætti (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 102).

Í Aðalnámskrá grunnskóla 1999 er í leikrænni tjáningu gerður greinarmunur á hugtökunum „leiklist” og „leikræn tjáning”. Í leiklist er stefnt markvisst að sýningu fyrir áhorfendur en í leikrænni tjáningu er reynsla þátttakenda meginmarkmiðið. Eigi að síður er byggt á sömu grunnhugmynd, að setja sig í spor annarra (*Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar*, 1999, bls. 39). Aðferðir leikrænnar tjáningar eru bæði notaðar í leiklist og einnig í leiklist í kennslu. Helstu markmið með leiklist í skólastarfi er að dýpka skilning nemenda í öðrum námsgreinum með því að notast við leiðir leiklistar sem kennsluaðferð. Markmið leiklistar er að auðga listræna þekkingu og menningarlega ásamt því að auka skilning og hæfni á listforminu (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007, bls. 14).

Sérfræðingar hafa komið fram með óteljandi kenningar um hvernig best sé að flokka leiklist í skólastarfi og flestir eru sammála um að skipta henni í þrjá flokka (Bowell og Heap, 2001, bls. 8):

1. Að læra um listgreinina.
2. Að auka persónulegan og félagslegan þroska nemenda.
3. Aðferð við þverfaglega kennslu.

Þegar talað er um leiklist í skólastarfi sem þverfaglega grein þá er hún oftast tengd við þær námsgreinar sem eru bóklegar, þar má nefna íslensku, samfélagsfræði, erlend tungumál og náttúrufræði. Þegar notast er við leiklist í skólastarfi er hún gjarnan samþætt öðrum námsgreinum og oft er kennslan byggð á ákveðnu

viðfangsefni þar sem sköpunarhæfni nemenda og ímyndunarafli fá að leika lausum hala og nemendur fá að njóta sín (Anna Jeppesen & Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 6-10).

4.2 Gildi og gagnsemi leiklistar í skólastarfi

Frá blautu barnsbeini komast börn í kynni við leiklist í gegnum hlutverkaleik. Börn eiga auðvelt með að ímynda sér margvíslegar aðstæður og glæða dauða hluti lífi fyrir tilverkan hlutverkaleiks. Með hlutverkaleik setur barnið sig í spor þeirra sem hafa áhrif á það og vinnur úr eigin reynsluheimi. Barnið hefur tækifæri til þess að takast á við ólík hlutverk og notast bæði við reynsluna af hlutverkaleik og sína eigin reynslu til þess að læra á samfélagið og fást við tilfinningar. Gjarnan speglast viðhorf barnsins til samfélagsins í hlutverkaleiknum. Börnum sem að líður illa eða eiga erfitt uppdráttar fá tækifæri til að stíga út úr ramma sjálf síns og tala í hlutverki annarra persóna. Vert er þó að muna að hlutverkaleikur er vettvangur þar sem börn geta glaðst og leikið en ekki miðill sem stuðlar að veruleikaflootta (Anna Jeppesen & Ása Helga Ragnarsdóttir, 2004, bls. 24). Mikilvægt er fyrir kennara að gefa nemendum frelsi og tíma til að lifa sig inn í hlutverkin og skapa aðstæður þar sem hlutverkaleikurinn fær að njóta sín og blómstra án utanaðkomandi áhrifa. Kennarinn á að þjálfa og prófa nemendurna í samræmi við það sem þeir hafa náð valdi á og síðan á hann að ýta á nemendurna til frekari átaka og láta þannig reyna á getu þeirra (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007, bls. 20-21).

Talið er að með notkun leiklistar sem kennsluáðferðar sé verið að stuðla að auknu sjálfstæði nemenda. Meginmarkmið leiklistar er að efla félagslegan og persónulegan þroska. Helstu markmið með leiklist í skólastarfi er að dýpka skilning nemenda í öðrum námsgreinum með því að notast við leiðir leiklistar sem kennsluáðferðar (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007, bls. 14).

Samkvæmt Bowell og Heap (2001, bls. 2-8) er mikilvægt fyrir kennara að undirbúa kennslu vel þegar nota skal áðferðir leiklistar því að til þess að kennsla hafi áhrif þarf að undirbúa hana eftir bestu getu. Gott er ef kennarinn sér þann kost að hvetja nemendur til dáða og um leið taka þátt í verkefninu af lífi og sál. Áhrifaríkasta leiðin til þess að fá nemandann til að vera virkan í námi er að kveikja áhuga hans allt til enda verkefnisins.

4.3 Tengsl frumkvöðla við leiklist

Höfundur telur að fjölgreindakenning Howard Gardners henti vel þegar nota á leiklist í skólastarfi. Auðveldara er fyrir kennarann að komast í tæri við ýmis viðfangsefni á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt. Hægt er að vinna með og nálgast flestar greindir Gardners þegar notast er við leiklist sem verkfæri.

Megineinkenni leiklistar á rætur að rekja til Jean Piaget og kenninga um hugsmíðahyggju. Í leiklist á nemandinn að smíða sína eigin þekkingu. Nemandinn er miðdepill í sköpun nýrrar þekkingar og skilnings. Til þess að nemandinn geti bætt við þekkingu sína þarf hann að vera virkur þátttakandi í námi sínu við að vita, skilja og geta (Ása Helga Ragnarsdóttir & Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2010, bls. 3).

John Dewey álitur að þegar nám felur í sér virkni nemanda þá verði nemandinn virkur þátttakandi í leit að þekkingu. Í leiklist eru nemendur virkir þátttakendur, þar geta nemendur nálgast viðfangsefnið með lifandi og áhugaverðum hætti, viðfangsefnið er túlkað með leikrænum hætti (Ása Helga Ragnarsdóttir & Rannveig Björk Þorkelsdóttir, 2010, bls. 4).

Peter Slade er þekktur fyrir hugmyndir sínar um leiklist. Hann kynnti hugtakið „barna-drama” þar sem hann kom fram með þá skoðun að leiklist með börnum gæti staðið sem sjálfstætt listform sem skyldi þróast með hliðsjón af barninu (Anna Jeppesen, 1994, bls. 9). Brian Way, sem var bæði samstarfsmaður Slade og lærisveinn hans, byggði hugmyndir sínar á kenningum Slade. Way stjórnaði atvinnuleiklistarmiðstöð fyrir börn, þar kviknaði áhugi hans á kennslufræðilegri leiklist í gegnum hvatningu Peter Slade. Way kynnti persónuleikahringinn fyrir umheiminum, en hann hefur að geyma sjö punkta sem mikilvægt er að vinna út frá og efla þannig persónuþroska nemenda. Punktarnir sjö eru: Ímyndunarafl, skynfæri, einbeiting, tilfinningar, talið, líkaminn og vitsmunir (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007, bls. 19). Best er að flétta alla þessa þætti saman í heildstæða kennslu.

Dorothy Heathcote er á meðal þekktustu sérfræðinga í leiklist í kennslu. Hugmyndir Heathcote voru algjör andstæða við hugmyndafræði Peter Slade og Brian Ways. Heathcote þróaði aðferðirnar „sérfræðingskápan,” og „kennari í hlutverki” þar sem kennarinn er einn af leikendunum og tekur virkan þátt í ferlinu. Með nemendum getur kennarinn nokkurn veginn stjórnað því hvernig ferlið þróast, í hvaða átt það fer og komið inn nýjum hugmyndum hjá nemendum án þess að trufla ferlið sjálft. Stór

hluti af hugmyndafræði Heathcote er samvinna. Hún taldi einnig að leiklist væri ákaflega hentug kennsluaðferð til þess að auðvelda nemendum að skilja tiltekið viðfangsefni í námi sínu. Leiklist hjálpar nemendum að seta sig í spor annarra, hjálpar nemendum að upplifa atburði sem eru liðnir, atburði sem gerast í nútímanum, atburði sem einhver annar upplifir. Leiklist hvetur að mati Heathcote nemendur til menntunar. Dorothy Heathcote var talsmaður meiri og öflugri fléttu milli námsgreina, sem sagt samþættingar námsgreina. Heathcote vildi ekki vera skilgreind sem dramakennari (leiklistarkennari) og var ekki hlynnt því að leiklist væri sérgrein í skólum (Kristín Á. Ólafsdóttir, 2007, bls. 24-25). Jonathan Neelands byggir á hugmyndafræði Dorothy Heathcote. Hann telur leiklistina endurspeglar samfélagið og að með hlutverkaleik geti nemendur nálgast og aukið við skilning sinn á því hvað felst í því að vera manneskja.

Heathcote, Neelands, Slade og Way leggja áherslu á ólíka nálgun kennara og tengingu við nám en megináhersla þeirra er á þroska nemenda, tjáningu og upplifun.

4.4 Samþætting íþróttar, samfélagsfræðigreina og leikrænnar tjáningar

Þessi kafli hefur að geyma frumsamið leikrit eftir höfund ritgerðarinnar þar sem námsgreinarnar íþróttir, samfélagsfræði og leiklist eru samþætta.

Höfundur ritgerðarinnar valdi að leggja megináherslu á þjóðaríþrótt Íslendinga, glímu, í leikriti sínu. Glíman hefur lifað með þjóðinni allt frá aldaöðli og talið er að landnámsmenn hafi komið hingað með kunnáttu úr tveimur fangbrögðum sem síðan hafi runnið saman í þjóðaríþrótt Íslendinga, glímuna. Glíma er eina íþróttin sem hefur orðið til á Íslandi og er hún einstæð í veröldinni (Glímusamband Íslands, á.á.). Útlendingar sem kynnast glímu undrast mjög þessa háþrúðu og tæknilegu íþrótt og þykir mikið til hennar koma. Á tímum hnattvæðingar reyna þjóðir mjög að halda fram sínum þjóðlegu sérkennum. Slíkt er smáþjóð eins og Íslendingum nauðsyn til að undirstrika sérstöðu sína og þar liggur beinast við að efla glímuna, hina fornu, sérstæðu þjóðaríþrótt okkar.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2007) segir: „*Þjóðaríþrótt Íslendinga, glíman, þarf að fá ákveðið rými í íþróttakennslu grunnskóla. Fangbrögð hafa verið iðkuð á*

Íslandi allt frá því að sögur hófust og því mikilvægt að halda þessum menningararfi við” (Aðalnámskrá grunnskóla; íþróttir, líkams- og heilsurækt, 2007, bls. 10).

Glíman er ríkur þáttur í leikritinu eins og fyrr segir en þar sem leikritið er látið gerast í upphafi 20. aldar er leikritið nýtt til náms í samfélagsfræði þar sem nemendur nema um lífshætti og lífskjör fólks í upphafi 20. aldar.

Benda má á áfangamarkmið í sögu við lok 10. bekkjar, en í Aðalnámskrá grunnskóla: samfélagsgreinar (2007, bls. 18), segir að nemendur eigi að skoða möguleika Íslendinga í byrjun 20. aldar, geta fylgt samfélagsbreytingum eftir eða einstökum þáttum og geta metið hvort breytingarnar eru af því góða.

Með því að klæðast leikbúningum sem líkjast fötum sem notuð voru í upphafi 20. aldar læra nemendur um klæðaburð fólks á þeim tíma. Nemendur læra í gegnum leikritið hvernig samgöngur voru á þeim tíma og atvinnuhættir. Leikritið fellur vonandi einnig vel að meginmarkmiði samfélagsfræðigreina sem er að gera nemendum auðveldara fyrir að fóta sig og beita sér í mannlegu samfélagi, þar sem nemendur læra að verða læsir á samfélagið, menninguna og umhverfið. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla: samfélagsgreinar (2007, bls. 6-7), eiga nemendur að geta sett sig í spor fólks á ýmsum tímum og eiga að kynnast og kunna skil á hvernig samspil náttúru og manns hefur þróast með tímanum og hvernig sú þróun kemur fram í skipulagi samfélags, samganga og ólíkum lífskjörum og lífsháttum fólks.

Þegar lesin eru áfangamarkmið í leikrænni tjáningu í Aðalnámskrá grunnskóla: Listgreinar má sjá að námið á að stuðla að skilningi nemenda á ólíkum menningarheimum og fjölbreytileika mannlífsins (2007, bls. 41). Þessu áfangamarkmiði má vel ná með leikritinu og þeirri vinnu sem það stuðlar að. Nemendur læra um íslenskt samfélag á Austurlandi í upphafi 20. aldar og sjá þær breytingar sem hafa átt sér stað síðan þá.

Leiklist í kennslu á að leysa ímyndunarafl nemenda úr læðingi. Á unglingsstigi eiga nemendur að geta tekið virkan þátt í skapandi ferli í samvinnu við aðra sem og taka þátt í að skipuleggja sýningu fyrir áhorfendur (Aðalnámskrá grunnskóla: listgreinar, 2007, bls. 44-45). Uppfærsla leikritsins þjónar vel þessu markmiði, uppfærslan er samvinnuverkefni nemenda og kennara, sem verða að nýta ímyndunaraflið til að geta sem best sett sig inn í hugsanagang fólks á þessum tíma. Gert er ráð fyrir að leikritið verði sýnt fyrir áhorfendur jafnt innan skóla sem utan.

5. Leikritið Lífsins glíma

Lífsins glíma

Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir

Desember 2011

Persónur

Bæjarstjóri

Iðnaðarráðherra

Forstjóri frumvinnslu Alcoa

Yfirmaður námu- og málm sviðs Bechtels

Blaðamaður

Myndatökumaður

Yrsa → Unglingsstelpa

Gunnar → Pabbi Yrsu

Lísa → Mamma Yrsu

Rósa → Langamma Yrsu

Pétur → Bróðir Rósu

Guðrún → Vinkona Rósu

Snorri → Kærasti Rósu

Mangi → vinur Péturs

Kristján → Glímumaður

Sigmundur → Glímumaður og glímudómari

Þór → Glímumaður

Helgi → Glímumaður

Þáttur 1

Tjald dregið frá

Fjórir einstaklingar standa með skóflur í hendi, iðnaðarráðherra, bæjarstjórnin, forstjóri frumvinnslu Alcoa og yfirmaður námu- og málmsviðs Bechtels.

Bæjarstjóri: Nú í dag 8. júlí, árið 2004 er merkisdagur í lífi Austfirðinga..... Með Fjarðaráli munu skapast fjölmörg störf og miklar tekjur fyrir þjóðarbúið. Ég er þess fullviss að með þessari uppbyggingu hér í Sómastaðalandi er stigið gæfuspor. Ég vil nota tækifærið til að hvetja alla til að standa vel að baki þessari framkvæmd um leið og gætt er að umhverfinu og aðbúnaði á svæðinu. Ég óska Austfirðingum til hamingju með daginn og tek fyrstu skóflustunguna.

Eftir að allir fjórir einstaklingarnir eru búnir að taka skóflustungu tekur bæjarstjórnin eina til viðbótar fyrir myndavélarnar. En þá heyrast undarleg hljóð og ljóst er að bæjarstjórnin hefur komið niður á eitthvað hart.

Bæjarstjóri: (Hissa) Hvað er nú þetta? (rótar áfram) Er þetta kistill?

Bæjarstjórnin leggur frá sér skófluna og tekur kistillinn upp og dustar af honum.

Kvikmyndatökumaðurinn: (kallar) Þetta er ævaforð kistill

Bæjarstjóri: Best að ég opni hann.

Bæjarstjórnin opnar kistilinn og tekur upp bók. Iðnaðarráðherra færir sig nær og gluggar í bókina með honum.

Iðnaðarráðherra: Ja hérna. Þetta er dagbók og hún er merkt Rósu Þórðardóttur frá Sómastöðum.

Bæjarstjóri: Já við verðum að koma henni í hendur afkomenda hennar, til hans Gunnars Þórðarsonar. Þetta er nú skemmtileg uppákoma.

Teknar eru myndir af þeim með skóflur í hendi en bæjarstjórnin heldur á kistli og dagbók.

Tjaldið dregið fyrir

Þáttur 2

Tjaldið dregið frá

Um sviðið labbar unglingsstelpa í hringi og er að tala í farsíma. Hún er stödd í stofunni heima hjá sér. Á sviðinu er bókahilla og framlenging af sviðinu, hægra megin, þar er hægindastóll, skemill og gólflampi.

Yrsa: Já sástu það ekki á mbl.is? Eða bara einhvers staðar í fréttum? Í alvöru, þetta er búið að vera út um allt! Okey, en pabbi fékk allavega dagbókina hennar langömmu og setti hana bara í hilluna! Já huh og ætlar sko bara að lesa hana í jólafríinu. (*Þögn.*) Já reyndar, ég get alveg lesið hana eða þú veist, ef ég skil skriftina og þetta gamaldags tal. Haha, já það held ég sé aðeins flóknara. Heyrðu ég ætla að kíkja á hana, tala við þig á eftir eða smessa þig.

Yrsa skellir á og lítur í kringum sig.

Yrsa: Enginn heima! Vá hverju skiptir það samt, ekki eins og þau verði brjáluð ef ég les dagbókina hennar langömmu eða kannski, æji só.

Hún tekur bókina og labbar að hægindastól sem er fremst á sviðinu. Við hliðina á hægindastólnum er stór gólflampi sem hún kveikir á. Hún tyllir sér á stólinn og setur fæturna upp á skemil.

Yrsa: Kæra dagbók. Nú þegar ég rita á blaðsíður þínar hér við túngarðinn og finn blæinn leika í hárinu fara fiðrildin af stað í maga mér. (*Yrsa leggur bókina niður*) What, fiðrildin af stað í maga mér, var langamma á einhverju? Haha. Nei kannski var hún bara svona rómantísk. Best að lesa áfram (*Yrsa heldur áfram að lesa*). Í dag er 12. maí og landið mitt hefur boðið sumarið velkomið. Það er heiðríkt og hlýr andvari. Í dag ætla ég að leggja leið mína niður að Gerði til þess að fylgjast með bróður mínum etja kappi í glímu. Glöð yrði ég ef honum gengi vel piltinum. Ég klæddi mig upp í tilefni dagsins, maður veit aldrei, kannski sé ég einhvern ungan myndarlegan glímukappa, ég hef heyrt að það ætli margir að koma, já hver veit nema sá eini sanni mæti og fái augastað á mér.

Bara spurning er ekki sagt að maður sé með fiðrildi í maganum en ekki í huganum? Hvað segir þú?

Ljosið slokknar á lampanum og það verður það dimmt að ekkert sérst í Yrsu.

Þáttur 3

Ljós lýsir upp sviðið, á sviðinu er þvottabali og þvottasnúra. Rósa er stödd út í bakgarði, hún leggur frá sér dagbókina og tekur upp þvottabala og fer að hengja upp. Guðrún vinkona hennar kemur inn stuttu seinna.

Guðrún: Sæl Rósa.

Rósa: Góðan dag.

Guðrún: Af hverju ert þú svona vel til höfð?

Rósa: Ha? Ég?

Guðrún: Já? Er þetta ekki kjólinn sem þú varst í á skemmtuninni fyrir rúmum mánuði?

Rósa: Jú rétt er það, mér fannst vera kominn tími til að nota hann aftur. Þetta er uppáhalds kjóllinn minn og ég verð að nota hann sem mest áður en ég tek annan vaxtarkipp.

Guðrún: Já, það er skarplega hugsað. Mér datt nú í hug að þú hefðir ákveðið að klæðast kjólnum út af bændaglímunni sem byrjar á eftir eða er mér bara að skjátlast? (*Guðrún brosir*).

Rósa: Nei, ha? Að sjálfsögðu ekki (*brosandi*).

Þær flissa báðar.

Rósa: Ef til vill er ég óttalegur kjáni.

Guðrún: Hví segir þú það?

Rósa: Ég hef stundum fylgst með bróður mínum glíma við félagasína hér í sveitinni. Þeir eru nú sumir laglegir piltarnir ekki neita ég því, ekki svo að skilja að nokkur hafi gefið mér augngotur. Enda hver skyldi taka eftir henni Rósu litlu frá Sómastöðum.

Guðrún: Láttu ekki svona Rósa! Var það ekki hann Mangi á Bakka, vinur bróður þíns, sem var að gera hosur sínar grænar fyrir þér á skemmtuninni og ég sá ekki betur en að þú vildir ekkert með hann hafa.

Rósa: Gera hosur sínar grænar. Með þessu flíru brosi sínu? Þegar hann kjagaði yfir dansgólfið. Ég held nú ekki, fyrr myndi ég pipra en sitja uppi með hann.

Guðrún: (*Glott*) Já ætli ég verði nú ekki að vera sammála þér um það. Þetta er ekki besti kosturinn hérna í sveitinni.

Rósa: (*Hlær*) Nei heldur betur ekki.

Rósa hengir upp eina flík

Rósa: Ætlaðir þú ekki annars að verða samferða mér á bændaglímuna?

Guðrún: Jú að sjálfsögðu, ég læt ekki unga stæðilega karlmenn framhjá mér fara. Hef aldrei gert það, og mun aldrei gera það (*Hlær*).

Rósa: Enda veður þú í þeim, ég hef aldrei séð þig eina á skemmtun, aldrei! Enda fögur snót með fiman fót og kannt að daðra. Kannski er það, það sem þeim líkar svona vel (*fliss*).

Guðrún: Æi, greyið mitt láttu ekki svona. Strákarnir þora bara að tala við mig þar sem ég á ekki glímukappa fyrir bróður.

Rósa: Þeir eru varla skelkaðir út af Pétri bróður?

Guðrún: Ég hef nú heyrt haft eftir honum bróður þínum að þeir skuli láta litlu systur hans vera vilji þeir ekki hafa verra af.

Rósa: Það væri svo sem eftir honum, hugsandi um mig eins og ég sé smákrakki. Hún litla systir með litlu saklausu sálina sína.

Guðrún: (*striðin*) Sem er ef til vill ekki svo saklaus?

Rósa: (*Drjúg með sig*) Saklaus og ekki saklaus.

Guðrún: Ertu þá að tala um það þegar þú kysstir Sigmund eða eru það kannski einhverjir fleiri?

Rósa: Já, svo eitthvað sé nefnt (*íbygginn*). Það er svo margt sem myrkrið veit.

Guðrún: Margt sem hugann kvelur. Já, það er aldeilis (*flissar*). Bara sönn kona já og lífsreynd, hefur gert margt og séð margt.

Rósa: (*hlær*) Veit það nú ekki en það þarf nú ekki að líta eftir mér eins og einhverri smástelpu sem ekkert veit.

Guðrún: (*Fliss*) Nei, að sjálfsögðu ekki. En nóg um þetta Rósa, við verðum að fara að skunda niður að Gerði.

Rósa: Alveg mátulegt, er að klára þvottinn.

Rósa hengir upp seinustu flíkina, tekur upp balann og labbar út af sviðinu. Það verður dimmt á sviðinu.

Þáttur 4

Ljós lýsir upp sviðið. Inn labba Pétur, Mangi, Kristján, Sigmundur, Helgi, Þór og Snorri. Það skapast tvær fylkingar á sviðinu. Snorri, Kristján og Helgi eru í einu horninu og Pétur, Mangi, Sigmundur og Þór í hinu. Allir eru að gera sig tilbúna fyrir keppni. Mangi og Pétur byrja að tala saman.

Mangi: Ætlar Rósa ekki að láta sjá sig?

Pétur: Jú hún talaði nú um það í morgun, hví spyrðu?

Mangi: Nei, ég hef ekkert hitt hana síðan á skemmtuninni fyrir mánuði. Það var nú meiri skemmtunin.

Pétur: Já hvort hún var. Ég skemmti mér alveg konunglega vel.

Inn á sviðið labba Rósa og Guðrún. Þær fá sér sæti á gólfinu fremst hægra megin á sviðinu. Sigmundur tekur sér stöðu á miðju sviðinu.

Sigmundur: Nú skulum við byrja bændaglímuna. Pétur og Snorri eru bændur og Pétur byrjar á því að senda fyrsta kappa.

Pétur: Ég sendi Þór.

Sigmundur: Pétur sendir Þór í fyrstu viðureign glímunnar. Þór er frá Vöðlum, hann er sívalvaxinn skil ekki þetta orð hér fyrir framan, meðalmaður á hæð eins og þið sjáið. Hann er lipur í hreyfingum, sterkur og harðfýlginn sér í öllu og gefur ekkert eftir. Hans sterkustu brögð eru hælkrókur og klofbragð. Nú er komið að þér að senda Snorri.

Snorri: Ég mun senda Helga.

Sigmundur: Helgi er frá Þernunesi, en er nú búsettur í Búðakaupstað á Fáskrúðsfirði. Hann Helgi er lipur glímumaður og með þeim bestu. Hann er meðalmaður á hæð, þéttur í lund, þéttur á velli og góður drengur. Hann er þekktastur fyrir leggjarbragð sitt og mjaðmarbragð. Gangið saman.

Þór og Helgi eru andspænis hvor öðrum og ganga saman.

Sigmundur: Takið tök.

Þeir taka í belti hvors annars.

Sigmundur: Stígið!

Allir á sviðinu fylgjast með af ákafa.

Sigmundur: Byrja.

Þeir glíma, Helgi leggur Þór.

Sigmundur: Helgi tekur mjaðmarbragð, það er engin leið að verjast þessu bragði. Helgi vann.

Pétur, Mangi og Þór eru ekki ánægðir á svip en aftur á móti eru þeir í liði Snorra alsælir.

Sigmundur: Þá er komið að þér Snorri að senda frá þér næsta kapp.

Snorri: Ég sendi frá mér Kristján.

Sigmundur: Kristján er frá Eyri. Hann er hávaxinn maður, sterkur og beinvaxinn. Kristján er kappsfullur og mikill fjörmaður. Hann kann mörg brögð vel en einna helst notar hann hælkrók, krækju og leggjarbragð.

Pétur: Ég sendi frá mér Manga.

Sigmundur: Mangi er frá Teigagerði. Hann er í hærra lagi, flatvaxinn og að kröftum er hann meðalmaður. Hann er harðfylginn sér og líkt og Þór þá gefur hann ekki eftir sinn hlut með neinni góðmennsku. Mangi notar mörg brögð og er lipur.

Kristján og Mangi eru andspænis hvor öðrum og ganga saman.

Sigmundur: Gangið saman. Takið tök.

Þeir taka í belti hvors annars.

Sigmundur: Stígið!

Allir á sviðinu fylgjast með glímunnni af ákafa.

Sigmundur: Byrja.

Þeir glíma, Kristján leggur Manga.

Sigmundur: Kristján leggur Manga á falletti krækju.

Pétur, Þór og Mangi eru ekki sáttir. Pétur snýr sér að Manga og talar við hann.

Pétur: Þessi Snorri, hann mun sjá eftir þessum stærilátum þegar ég legg hann á hnébragðinu.

Mangi: Já, hann mun liggja kylliflatur

Snorri tekur eftir Rósu. Þau horfa hvort á annað og Rósa flissar og hvíslar að Guðrúnu.

Pétur: Já, það mun hann sko gera (*bögn*). Heyrðu sjáðu - svo mænir hann á stelpurnar, er hann að gefa Rósu auga? Hann þarf nú ekki ímynda sér að hún líti við honum.

Mangi: (*Æstur*) Já svei mér þá, hann er að gera það. Það er greinilega ekki nóg að hann sé að vinna heldur þarf hann að stela kvenfólkinu frá okkur líka.

Pétur: Honum verður nú ekki kápan úr því klæðinu.

Sigmundur: Þá er komið að seinustu viðureigninni, viðureign bændanna. Annars vegar er það Pétur frá Sómastöðum, hann er meðalmaður á hæð, snöggur í öllum hreyfingum og kallaður af Seleyingum „fálkinn“. Pétur er drengskaparmaður hinn mesti og ekki aðeins í glímu (*brosir*)! Oft er talið að hann sé ósigrandi í glímu og kann hann öll þau glímubrögð sem þekkjast. Hann notar einna helst klofbragð, leggjarbragð og hnébragð. Á móti honum er Snorri. Snorri er Þingeyringur að uppruna, hann býr nú í Breiðuvík. Snorri er meðalmaður á hæð, snar í öllum hreyfingum og drengur góður. Hann er fjölbrögðóttur og notar brögðin jöfnum höndum. Snorri er afburðaglímumaður og talinn mesti glímukappi útsveitunga.

Sigmundur: Bændur, gangið saman.

Snorri og Pétur eru andspænis hvor öðrum og ganga saman.

Sigmundur: Takið tök.

Þeir taka í belti hvors annars.

Sigmundur: Stígið!

Allir á sviðinu fylgjast með glímunni með ákafa.

Sigmundur: Byrja.

(Þeir glíma í nokkra stund, að lokum leggur Snorri Pétur.

Sigmundur: Pétur er greinilega í góðu formi og snöggur, hann nær þarna flottu kolfbragði, en það er greinilegt að Snorri er enginn viðvaningur því hann verst fimlega í gólfinu. Sjáið, Pétur rífur Snorra aftur upp, en Snorri er með fallega klofbragðsvörn og hvað er að gerast Snorri tekur þetta fallega leggjabragð um leið og hann snertir jörðina aftur og þessu er erfitt að verjast. Snorri sigrar.

Pétur fer til Manga og Þórs og þeir eru ekki kátir á svip.

Pétur: Ég hefði átt að geta varist leggjarbragðinu!

Mangi: Já þetta er bara óheppni.

Snorri labbar að Rósu og Guðrúnu, heilsar og þær óska honum til hamingju.

Rósa: Ég er hrædd um að bróðir minn verði ekki auðveldur viðureignar næst.

Snorri: Nei ég hafði heppnina með mér í þetta skiptið. Hann er öflugur og góður glímumaður bróðir þinn og ekki á vísan að róa þegar glímt er við hann.

Pétur: Ég fæ einhvern tíma aftur tækifæri til að glíma við hann og þá skulum við sjá hvernig fer.

Mangi: Já heldur betur. En nú verð ég að fara heim, ég var búinn að lofa föður mínum að hjálpa honum við heyskapinn að glímu lokinni.

Pétur, Magni, Sigmundur og Þór fara út af sviðinu. Eftir standa Kristján, Helgi, Snorri, Rósa og Guðrún og eru að tala saman.

Guðrún: Rósa eigum við ekki að skunda heim til þín og hafa til mat?

Rósa: Jú ætli það ekki.

Guðrún: Verið þið sælir piltar

Strákarnir kveðja, Rósa og Snorri vinka til hvers annars.

Rósa: (lágt) Vertu sæll

Snorri: Vertu sæl

Stelpurnar og strákarnir fara í sitt hvora áttina út af sviðinu.

Þáttur 5

Sviðið verður dimmt og ljós lýsir upp Yrsu í hægindastólnum.

Yrsa: (Lokar bókinni) Kúl. Langamma lifði kannski bara spennandi og skemmtilegu lífi, þó hún hafi verið til í gamla daga.

Það heyrir eins og einhver sé að koma inn, Yrsa flýtir sér með bókina í hilluna.

Gunnar: Halló! Yrsa, ertu hér?

Yrsa: Já ég er hérna, inni í stofu.

Gunnar: Sæl elskan mín, hvernig var dagurinn hjá þér?

Yrsa: Bara finn sko, var bara að chilla.

Gunnar: Já bara að chilla segirðu. Hvernig var skólinn hjá þér?

Yrsa: Hann var bara fyrir hádegi sko, kennararnir voru með einhvern starfsdag eða námskeið og þá var ég eitthvað með Sollu og síðan fór ég bara heim. Hvar er mamma?

Gunnar: Hún er frammi í bílskúr, ætlaði að ná í eitthvað að borða úr frysti.

Yrsa: Hvað verður í matinn?

Gunnar: Það verður ljómandi góður hlýri.

Yrsa: (*Kaldhæðnislega*) Jeyj.. einmitt það sem mig langaði í.

Gunnar: Já þetta er herramanns matur. Borðaður mikið í gamla daga, þá var sko borðaður alvöru matur. Ekki pítsur, hamborgarar og þessi skyndibitamatur.

Yrsa: Jeje... Pabbi það er árið 2011 - ekki 1906! Það er málið.

Gunnar: Já (*Hlær*) það er rétt Yrsa mín, það eru breyttir tímar, en við höfum gott af því að líta til baka af og til og hugsa til þeirra gilda sem þá voru í heiðri höfð.

Mamma Yrsu, Lísa, labbar inn með tösku og poka, Yrsa situr á stól og er að fikta í símanum.

Lísa: (*Móð*) Úff.

Gunnar: Þú hefur þá loksins fundið hlýrann, Lísa?

Lísa: Já og ekki er það þér að þakka (*Brosir*). Hann var alveg neðst í frystikistunni, við þurfum að fara að taka til í henni fyrir jólin. Það gengur ekki að vera alltaf standandi á haus ofaní henni þegar leita þarf að einhverju, Kannski er þarna fundin ástæðan fyrir kvefinu í mér.

Gunnar: (*Brosir*). Er það nú ekki heldur langsótt, heldurðu ekki frekar að það tengist fimm stiga frostinu sem er úti og vindinum? Nei þetta er bara ágiskun.

Lísa: Alltaf þarft þú að vera herra gáfaður.

Gunnar: (*Hlær.*) Já, verður maður ekki að nýta þær gáfur sem maður hefur. Jæja nú skulum við hjálpast öll við að elda.

Þau labba öll út af sviðinu. Það er myrkur á sviðinu, Yrsa læðist inn á sviðið í náttfötum og rekst óvart í eitthvað og blótar. Hún heldur á bók og sest í stólinn fremst á sviðinu. Hún kveikir á lampanum og byrjar að lesa.

Þáttur 6

Rósa krýpur við þvottabalann og er að þvo þvott, eftir stutta stund gengur Snorri inn

Snorri: Sæl

Rósa: (*Henni bregður.*) Úff, þú hér, ekki gera mér svona bylt við. (*Æst, en roðnar síðan og verður vandræðaleg*)

Snorri: Fyrirgefðu... Ég ætlaði ekki, ég sá þig bara frá hestagötunni og ákvað að heilsa upp á þig.

Rósa: Já allt í lagi, frá hestagötunni? Hvað varstu að gera þar?

Snorri: Ég var bara á göngu.

Rósa: Ha? Á göngu, áttu ekki heima í Breiðuvík?

Snorri: Jú einmitt, þar á ég heima.

Rósa: Er þetta þá ekki heldur löng ganga hjá þér, kominn alla leið í túnfótinn á Sómastöðum?

Snorri: (*Hann verður vandræðalegur*) Æji Rósa, þarftu alltaf að vera svona erfið?

Rósa: (*Glottir*) Erfið? Finnst þér ég erfið, af hverju er ég erfið, ég er ekki alveg að skilja um hvað þú ert að tala og af hverju þú ákveður að taka þér göngutúr í aðra sveit bara sí svona á laugardagsmorgni?

Snorri: Allt í lagi, ég er hérna því að ég vildi fá að sjá þig og tala við þig.

Rósa: Nú er það, (*Glottir*) og um hvað viltu ræða?

Snorri: Hvað sem er eiginlega, aðallega samt þig, ef til vill okkur.

Rósa: (*Fer hjá sér*) Mér finnst það tilvalið umræðuefni. Viltu ekki setjast á túnvegginn meðan ég klára að þvo, ekki getur þú staðið hérna eins og illa gerður hlutur?

Snorri: Nei ætli það sé nú ekki betra að ég sitji, eða ég rétti þér hjálparhönd við þvottinn hvernig list þér á það?

Rósa: Já það væri gott, ekki veitir af ef ég á að ná grasgrænni úr fötunum hans Péturs, hann þarf alltaf að vera að skíta út fötin sín.

Snorri: Hann yrði ævareiður ef hann vissi að ég væri að eiga við fötin hans.

Rósa: Við höldum þessu aðeins fyrir okkur. Pétur fær ekkert að vita þetta.

Snorri setur hendurnar í balann og þau gjóa augunum af og til á hvort annað og byrja svo að flissa. Inn labbar Pétur.

Pétur: (*Ævareiður*) Hvað í fjáranum gengur hér á?

Snorri og Rósa standa upp í hveli

Snorri: Ég, ég...

Pétur: Þú, þú, þú hvað! Þegiðu Snorri! Rósa! Hvað ertu að gera með þessum aula?

Rósa: (*Setur í sig kjark*) Snorri átti nú bara leið hjá og sá mig eiga í erfiðleikum með þvottinn og bauðst til að aðstoða mig.

Pétur: Heldurðu að ég sé virkilega svona fáfróður Rósa? Ég sá þar sem hann var á veiðum hér framan við hólmana. (snýr sér að Snorra) Ég held þú ættir frekar að reyna að fylla bátinn en eyða tímanum hér.

Snorri: Veiðin datt niður og ég hugsaði með mér að það væri eins gott að kasta kveðju á fólk og sjá svo hvort sá guli tæki ekki aftur þegar færi að flæða.

Pétur: Ætli erindið sé ekki annað? (*Smá hik*) Til að varast allan misskilning þá hefur hún systir mín meira auga fyrir honum Manga. Já ekki sá ég betur en að þið skemmtuð ykkur vel á skemmtuninni fyrir mánuði eða svo.

Snorri litur furðulostinn á Rósu.

Rósa: Það fifl! Nei ekki fyrir mitt litla líf Pétur! Ekki fyrir mitt litla líf!

Snorri: (brosir) Það er ekki síðri kraftur í þér en Glímu-Pétri bróður þínum.

Pétur: Sláðu þína gullhamra Snorri, þið eruð góðir í því útsveitarmenn, en skyldi hugur fylgja máli.

Rósa: Það er óþarfi að vera með einhverja neikvæðni – ætli þið innsveitarpiltarnir gætuð ekki lært eitthvað af útsveitarpiltunum.

Pétur: Er ekki best að þú farir að hengja upp plögginn í balanum og ég sé ekki betur en að það sé farið að flæða. Er þá ekki rétt að þú glímir við þann gula, þið getið eflaust áfram fjölgað þorskhausunum í útsveitinni.

Rósa: Pétur svona tölum við ekki – það er ekki rétt af þér að koma svona fram.

Snorri: Ég tek þetta ekki nærri mér Rósa mín, við erum bæði góðir að glíma við þann gula og ekki síður við innsveitarmenn. Það situr kannski einhver kergja í Pétri frá bændaglímunni.

Pétur: Snorri ég skora á þig í glímueinvígi niður við Gerði í hádeginu á morgun. Ef þú vinnur skipti ég mér ekki af ykkur Rósu, en ef þú tapar þá lætur þú okkur hér í friði og einbeitir þér að þinni sjómennsku.

Rósa er furðulostin.

Snorri: Ekki skal mig vanta á völlinn Pétur (*Snorri labbar í burtu*).

Rósa: (*Reið*) Hvað er að þér Pétur! Ég er ekki lítill krakki ennþá, þú ráðskast ekki með mig, leyfðu mér að stjórna mínu eigin lífi! (*Kallar og hleypur í burtu*) Snorri! Biddu.

Pétur stendur einn á sviðinu og virðir fyrir sér balann. Tekur upp buxurnar sínar, kinkar kolli og hengir þær upp. Tekur síðan upp balann og labbar burt.

Þáttur 7

Inn á sviðinu standa í einu horni Snorri, Guðrún, Kristján og Helgi, og í hinu horninu standa Pétur, Mangi, Þór og Sigmundur. Rósa kemur sér fyrir á miðju sviðinu. Allir eru að tala saman í sitt hvoru horninu. Guðrún labbar til Rósu.

Guðrún: Hvernig hefur þú það?

Rósa: Hef ég það, hverskonar spurning er þetta Guðrún?

Guðrún: Æji ég veit ekki hvað þú ert að hugsa, kannski finnst þér þetta hræðilegt að þú sért að koma af stað glímueinvígi á milli bróður þíns og vinar þíns. En kannski er þér bara skemmt að myndarlegur piltur skuli vilja heyja einvígi við bróður þinn bara fyrir þig?

Rósa: Af hverju flækir þú alltaf málin, þú hugsar of mikið, þetta eru nú bara piltar að keppa í glímu. Þeir eru ekki að fara að drepa hvorn annan, glíma er nú einu sinni drengskaparíþrótt.

Þær hlæja og Sigmundur labbar fyrir miðju.

Sigmundur: Eru kappar tilbúnir?

Pétur: Hvort ég er!

Snorri: Já.

Sigmundur: Gangið saman.

Snorri og Pétur eru andspænis hvor öðrum og ganga saman.

Sigmundur: Takið tök.

Þeir taka í belti hvors annars.

Sigmundur: Stígið!

Rósa og Guðrún taka andköf og eru skelkaðar á svip.

Sigmundur: Byrjið!

Snorri og Pétur byrja að glíma og Sigmundur lýsir atburðarásinni.

Sigmundur: Snorri tekur þarna hælkrók hægri á vinstri, en Pétur verst frábærlega, og fer beint í klofbragðið með vinstra fæti og hefur Snorra á loft, en sjáið Snorra, þvílíkur varnarmaður. Þeir taka aftur tökin og Snorri fer beint í leggjabragðið, það er greinilega ekkert gefið eftir, en nú verst Pétur lipurlega, hleypur upp úr bragðinu og hvað gerir Pétur? Hann þrífur Snorra upp í sniðglímu á lofti. Og, og þessu er ekki hægt að verjast (*Snorri fellur*). Pétur vann!

Pétur og Snorri takast í hendur og vinir Péturs fagna honum. Snorri vinkar til Rósu og Guðrúnar og ljósið slokknar.

Þáttur 8

Yrsa situr í stólnum í framlengingunni af sviðinu og sefur með dagbókina á sér. Pabbi hennar labbar inn með vatnsglas í hendinni. Hann sér að það er kveikt á lampanum og labbar að Yrsu og leggur höndina á herðar hennar.

Gunnar: Elska mín, viltu ekki færa þig inn í rúmið þitt.

Yrsa: Jú æji, ég sofnaði (*Hún lokar bókinni*).

Gunnar: Er þetta dagbókin hennar langömmu þinnar?

Yrsa: Já sko, æji ég ætlaði ekkert að lesa hana, en ég kíkti í hana og hún er sko mjög spennandi. Næstum alveg eins og Twiligth, næstum!

Gunnar: Nú er það, ekki vissi ég að það hefðu verið svona margar vampírur á Austurlandi á hennar tíma.

Yrsa: Nei pabbi, æji þú veist hvað ég meina!

Gunnar: Já, ég veit, ég er alls ekki reiður. Finnst satt að segja bara gaman að sjá þig fá svona mikinn áhuga á að fræðast um hana langömmu þína. Mundu bara að fara mjög vel með bókina, þetta er dýrmæt bók.

Yrsa: Takk pabbi! Ég geri það (*Faðmar pabba sinn*).

Gunnar: En það er skóli á morgun og við þurfum fullan svefn.

Yrsa: Já góða nótt.

Gunnar: Góða nótt og sofðu rótt.

Þau labba út

- Hlé -

Þáttur 9

Yrsa kemur hlaupandi inn á sviðið, klæðir sig úr úlpunni og húfunni í flýti og kastar á gólfíð hjá stólnum. Hún hlammar sér í stólinn og byrjar að lesa upphátt úr dagbókinni

Yrsa: 4. júlí. Kæra dagbók. Það er orðinn mánuður síðan ég sá hann Snorra síðast, það var þegar þeir Pétur glímdu. Ef til vill var ég vitlaus að fara beint heim? Nú hitti ég hann bara í dagdraumum mínum, ég hugsa um hann þegar ég þvæ þvott, ég hugsa um hann þegar ég elda, ég hugsa um hann þegar ég loka augunum og ég hugsa um hann þegar ég er með opin augun. Ég get ekki fengið mig til þess að hætta að hugsa um hann. Ég hlýt að elska hann. Ég verð að sjá hann! Ég geng oft hér upp í hlíðina ofan við bæinn og horfi út að hólmunum til að athuga hvort hann sé að veiða. Horfi út fjörðinn að ströndinni í útsveitinni. Hvað skildi hann vera að gera? Ætli hann sé að heyja eða fer hann á sjóinn hvern dag? Skyldi hann hugsa til mín? Hann var alla vega tilbúinn að heyja glímueinvígi við Pétur bróður bara fyrir mig og hann stóð sig mjög vel, hefði alveg getað lagt Pétur. Af hverju hljóp ég ekki á eftir honum og bað hann að hitta mig næst þegar hann ætti leið hjá?

7. júlí. Kæra dagbók. Ég gekk eins og stundum áður aðeins upp í brekkurnar og horfði út að hólmunum. Það var einhver lítill bátur þar, ég fann að það sló hraðar í

mér hjartað, en um leið var ég svo kát innra með mér. (*Yrsa lítur upp og hlær og talar fram í salinn*) Langamma hefur verið hrikalega rugluð það er meira hvað þessi strákur hefur ruglað hana. Ég verð samt að lesa áfram þetta fer að verða spennandi. (*Litur í bókina*). Ég stóð þarna í brekkunni og tók af mér rauðu svuntuna og sveiflaði henni yfir höfði mér. Ég gerði þetta aftur og aftur og ég veit að þú trúir þessu ekki kæra dagbók en þetta var Snorri, því hann stóð allt í einu upp í bátnum og veifaði með árinni. Hann settist svo undir árar og réri inn eftir firðinum. Ég hljóp niður að Gerði og alla leið niður á Mjóeyri og beið þess að hann kæmi.

Ljósinn beinast að sviðinu. Snorri stendur á sviðinu og hneigir sig. Rósa hleypur að honum.

Rósa: Snorri! Gaman að sjá þig. Ég vissi að þetta værir þú þegar ég sá bátinn þinn út við hólmana.

Snorri: Ég sá þig líka uppi í hlíðinni ofan við bæinn Rósa, og ég varð bara að líta í land þegar ég sá hvernig þú veifaðir

Rósa: Ég hugsa stundum til þín.

Snorri: .. og sérðu mig þá kútveltast í grasinu fyrir honum bróður þínum.

Rósa: Nei ég hugsa um stæðilega piltinn sem skellti stórabróður í bændaglímunni.

Snorri: Ef til vill á ég eftir að gera það aftur. Ég var um daginn kosinn útsveitarmeistari, ég lagði alla mína andstæðinga, meira að segja Grím sterka.

Rósa: Þú mátt samt ekki fara illa með Pétur bróður.

Snorri: Ég er nú ekki kominn hingað til að keppa við hann, heldur tala við þig.

Rósa: Ertu ef til vill kominn til að bjóða mér í rómantíska siglingu? Viltu kannski róa með mig hér inn að björgunum það getur verið svo fallegt þar.

Snorri: Já það skal ég glaður gera. En ég má ekki stoppa lengi ekki má ég koma með bátinn tóman heim.

Þau leiðast út af sviðinu. Sviðið verður dimmt og ljósið lýsir á Yrsu

Þáttur 10

Yrsa situr enn í stólnum. Pabbi hennar labbar inn

Gunnar: Hæ elskan, situr þú bara límd við dagbókina?

Yrsa: Já, pabbi vissir þú að langamma átti kærasta sem hét Snorri. Pétur bróðir hennar var ekki alltof hrifinn af því, en hún lét það nú ekki hafa áhrif á sig.

Gunnar: Nei ekki man ég það nú, en ég er nú ekki svo góður í fortíðinni, en varla lýgur dagbókin. Var hún með honum lengi?

Yrsa: Já það held ég, ég er alla vega búin að lesa heilmikið um hann í dagbókinni. Hann réri til dæmis með hana út á fjörðinn og þau fóru inn að einhverjum björgum, ég held að hún hafi engum sagt nema dagbókinni og kannski Guðrúnu.

Gunnar: Nú og hver er Guðrún?

Yrsa: Uuu besta vinkona hennar.

Gunnar: Já svoleiðis. Nei þetta vissi ég ekki, ég er nú bara farinn að hlakka til að lesa þessa dagbók.

Yrsa: Já en ég ætla að klára hana fyrst pabbi. Nú er hún að fara að hitta hann aftur, þau hafa hist nokkrum sinnum og nú hafa þau mælt sér mót og hún þarf að segja honum einhverjar svaka fréttir. Það segir hún alla vega í dagbókinni. Pabbi ég ætla að halda áfram. Ég er alveg að verða búin með hana. Það eru ekki margar blaðsíður eftir.

Gunnar: Já fyrirgefðu ég ætla nú ekki að trufla þig við lesturinn (*Brosir*).

Gunnar pabbi Yrsu fer út og sviðið verður dimmt, svo kemur ljós og Rósa labbar áhyggjufull um sviðið, hún dæsir. Snorri labbar inn á sviðið stuttu seinna.

Rósa: Þarna ertu (*Æst*), hvar hefur þú verið?

Snorri: Það tekur nú dálítinn tíma að komast hingað Rósa mín. Afhverju ertu svona æst?

Rósa: Ég er ekkert æst, ég þarf bara nauðsynlega að tala við þig.

Snorri: Já, lát heyra elskan mín.

Rósa: Ég veit eiginlega ekki hvernig ég get sagt þér þetta.

Snorri: Segðu mér, þú veist að við lofuðum að leyndu hvort öðru engu. Hvað er það sem þú vilt segja mér?

Rósa: Ég er ólétt.

Snorri veit ekki hvað skal segja. Hann horfir fram, síðan horfir hann niður í jörðina og lítur síðan á Rósu.

Rósa: Segðu eitthvað, segðu eitthvað maður.

Snorri: Ég veit ekki hvað ég á að segja. Ég er bara glaður. Er ég að verða pabbi? Eigum við von á barni saman. (*faðmar hana*) Ég elska þig heitar en nokkru sinni fyrr.

Rósa: Já það geri ég líka.

Snorri: Ertu búinn að segja foreldrum þínum frá þessu?

Rósa: Nei, það verður aðeins að bíða, gerum það þegar við hittumst næst.

Snorri: Ég mun koma til þín strax eftir helgi og við munum segja foreldrum þínum þetta saman. Við erum í þessu saman og nú þurfum við að fara huga að framtíðinni. Þú veist ekki hvað ég er glaður.

Rósa: (*Hún faðmar hann að sér og ýtir honum síðan frá sér aftur*) Komdu við skulum róa aðeins út á fjörðinn saman.

Snorri: Já ég kem þér síðan aftur í land og þú lofar mér því að hugsa vel um þig á meðan ég er úti á sjó. Ég kem strax eftir helgi.

Rósa og Snorri leiðast og yfirgefa svo sviðið. Sviðið verður dimmt.

Þáttur 11

Ljós lýsir upp hægingastólinn og Yrsu sem situr í honum. Hún er leið á svipinn.

Yrsa: 8. október. Snorri kom ekki eftir helgina. Ég heyrði ekkert frá honum. Ég hélt að það væri hann sem væri að koma þegar ég sá bát koma inn fjörðinn, en það var ekki hann. Það var vinur hans Grímur sterki. Hann sagði mér að hann væri farinn, sjórinn hefði tekið hann. Sennilega hefði hann fengið á sig brotsjó út við Seley. Sorg mín er ómælanleg, ég get ekki samþykkt þetta, ég trúi þessu ekki. Hvers vegna hann? Ég hef ekkert getað skrifað síðan þá kæra dagbók, síðustu dagar hafa liðið eins og í leiðslu. Í dag mun ég skrifa á blaðsíður þínar í síðasta skipti. Ég er búinn að ákveða mig. Ég ætla að ganga niður að Gerði, þar sem ég fyrst leit hann Snorra minn augum. Ég ætla að grafa bókina mína á þeim fagra stað. Mér finnst lífið ósanngjarnt en því verður ekki breytt. Ég verð að kveðja þig líka kæra dagbók, það er of sárt að horfa á blaðsíðurnar þínar fullar af minningum um Snorra.

Yrsa fer að gráta og pabbi hennar labbar inn.

Gunnar: Hví grætur þú elskan?

Yrsa: (*miður sín*) Þetta er hræðileg dagbók pabbi, hræðileg!

Gunnar: Af hverju segir þú það.

Yrsa: Langamma er ólétt og Snorri kærastinn hennar er dáinn og ég veit ekkert meira því að dagbókin endar bara þar sem hún setur hana í kistil og ofan í jörðina!

Gunnar: Já ég veit að þetta er svolítið sorgleg saga, ég er búinn að lesa dagbókina, gerði það um leið og þeir sendu mér hana. Ég vildi ekki trufla lesturinn hjá þér með því að segja þér það. Það er svo langt um liðið síðan þetta gerðist og ég veit ekki einu sinni hvort þetta er allt satt eða hvort hún amma þín hafi bara verið svona góð skáldkona og dagbókin sé bara handrit að sögu sem hún hafði einhvern tímann ætlað að gefa út og síðan hætt við.

Yrsa: Heldurðu það pabbi?

Gunnar: Það veit ég svo sem ekki, en ég veit þó að hún Rósa langamma þín giftist honum langafa þínum ung og þau eignuðust átta börn og elsti drengurinn hennar heitir Snorri og það er afi þinn.

Yrsa: Er sem sagt Snorri afi skírður í höfuðið á langafa sem að dó?

Gunnar: Kannski var það svoléiðis ég bara veit það ekki það var aldrei talað neitt um þetta á mínu heimili og langamma þín giftist honum Þorleifi langafa þínum og ég þekki ekki annan afa og ég veit að langamma þín og langafi lifðu mjög hamingjusömu lífi, fyrst á Sómastöðum og síðan fluttu þau inn á Búðareyri eins og svo margir þegar uppgangurinn byrjaði þar.

Yrsa: Pabbi ég er samt viss um að þetta er satt sem stendur í dagbókinni

Gunnar: Já það má vel vera, en nú skulum við drífa okkur í kókuboðið hjá Gunnu ömmu þinni og afa þínum honum Snorra. Þú getur þá spurt þau spjörunum úr. Ég held bara að þú getir orðið efni í sagnfræðing.

Yrsa: Já komum, ég ætla að spyrja afa og ömmu.

Endir

Lokaorð

Í þessu lokaverkefni *Bændaglíman – samþætting íþróttar, samfélagsfræðigreina og leiklistar* hef ég leitast við að sýna fram á mikilvægi samþættingar í skólastarfi. Mikið er til af efni um samþættingu og mæli ég með að allir kennarar kynni sér þá kennsluhætti sem hún býður upp á. Samþætting námsgreina eykur líkurnar á að nemendur fái verkefni við hæfi og nýti hæfileika sína. Samþætting býður upp á fjölbreytni og líklegra er að nemendur finni áhugaverð viðfangsefni og með samþættingu námsgreina hafa þannig fleiri nemendur möguleika á því að láta ljós sitt skína.

Markmið með samningu leikritsins *Bændaglíman* er að nemendur læri um þjóðaríþrótt Íslendinga og kynnist þeirri samfélagsmynd sem var við sjávarströnd Íslands í upphafi 20. aldar. Með þátttöku í leikritinu fá nemendur vonandi þjálfun í tjáningu og sköpun sem hjálpar til við að móta þá sem einstaklinga og gera þá reiðubúna til að takast á við líf í nútíma samfélagi og í því samfélagi sem framtíðin ber í skauti sér. Með leiklist eflum við tjáningu og þor nemenda, sjálfstraust og sjálfstæði þeirra og nemendur læra að setja sig í spor annarra. Að mínu mati er leiklist ákaflega vel til þess fallin að gera skólastarfið allt í senn skemmtilegt, áhugavert og þroskandi.

Samþætting leiklistar, íþróttar og samfélagsgreina veitir kennurum óendanlega möguleika sem þeir ættu endilega að nýta sér.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: listgreinar.* (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: Samfélagsgreinar.* (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Aldís Guðmundsdóttir og Jörgen Pind. (1988). *Sálfræði – Hugur og þroski.* Reykjavík: Mál og menning.
- Anna Jeppesen. (1994). *Mál og túlkun: handbók kennara.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. (2006). *Leiklist í kennslu: Handbók fyrir kennara.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni* (Erla Kristjánsdóttir, þýð.). Reykjavík: JPV útgáfa. (frumútgáfa: 2000).
- Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2010). *Skapandi nám í gegnum leiklist. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Bowell, P. og Heap, B.S. (2001). *Planning Process Drama.* London: David Fulton Publishers.
- Charles, C. M. (1981). *Litla Piaget kverið* (Jóhanna S. Hannesdóttir þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Cole, M., Cole, S. R., Lightfoot, C. (2005). *The Development of Children.* Fifth edition. NY: Worth Publishes.
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson, þýð.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Frumútgáfa 1938).
- Fogarty, R. og Stoehr, J. (2008). *Integrating curricula with multiple intelligences: teams, themes, & threads.* United States of America: Corwin Press.
- Glímusamband Íslands. (á.á.). *Glímuípróttin.* Skoðað 27. desember 2011 á http://www.glima.is/?page_id=16.
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi.* Reykjavík: HÁM.

- Heiða María Sigurðardóttir. (2005). *Hafa tilgátur Howards Gardners um fjölgreindir verið sannaðar?* Skoðað 10.október. 2011 á Vísindavefnum: <http://visindavefur.is/?id=5485>.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna. Handbók fyrir kennaraefni*. Reykjavík: Æskan ehf.
- Íslensk orðabók*, 4. Útgáfa. (2007). Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda útgáfa,
- Kristín Á. Ólafsdóttir. (2007). *Þróun leikrænnar tjáningar í íslenskum grunnskólum*. Óbirt MA-ritgerð á uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands.
- Lilja M. Jónsdóttir. (2010) ágúst. *Sambættingin er málið!* Erindi flutt á haustráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun, Borgarholtsskóli, Reykjavík.
- Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf: Handbók fyrir kennara og kennaranema um skipulagningu þemanáms*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Menntamálaráðuneytið. (1979). *Um sambættingu – Tilraunaverkefni í 7. bekk Æfingaskólans*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið – skólarannsóknardeild.